

Sæl Sylvía Karen og Ari Thor.

Þakka ykkur jákvæð viðbrögð við beiðni um að skoða málið áfram með okkur.

Í stuttu máli snýst þetta um að garðyrkjubændur hafa misst mikilvæg aðföng til ræktunar við lokun á vikurnámi við Reykholt.

Skv. gildandi skipulagi sveitarfélagsins (bls. 68) er í raun gert ráð fyrir vikurnámi allt að 5.000 m³ árlega í viðkomandi námu (E38) en til garðyrkjunnar hafa verið afgreiddir um 600 m³ árlega.

Eins og sjá má í meðfylgjandi skjali frá garðyrkjuráðunaut er bagalegt að missa aðgengi að þessu efni, þar sem annar vikur sem fæst í grenndinni hentar ekki hvað varðar efnainnihald, kornastærð og hreinleika.

Við erum búin að fara frá einum til annars og rakið málið og erum aftur komin heim í hérað með málið þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði að lagabreyting hefði orðið frá því málið fór af stað fyrir ári síðan og nú væri það komið í hendur sveitarstjórnar.

Það er því ósk okkar að fá að hefja aftur akstur til garðyrkjubænda líkt og við höfum gert hér í Haga í áratugi.

Við viljum gjarna mæta til ykkar og ræða málið við ykkur með hagsmuni garðyrkjumanna að leiðarljósi ef vilji er fyrir hendi.

Með kærri þakklæti Sigrún Guðlaugs., og Sigurður Kristmundsson Haga.